

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Andréxi Inga Jónssyni um þvingaðar brottvísanir.

1. *Hvaða reglur gilda um verklag þegar umsækjendur um alþjóðlega vernd eru fluttir úr landi með aðstoð löggreglu? Sérstaklega er óskað upplýsinga um það hvaða reglur gilda um valdbeitingu löggreglu eða annarra í þeim tilvikum.*

Samkvæmt 7. mgr. 104. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, er það hlutverk löggreglu og Útlendingastofnunar að annast framkvæmd ákvarðana um frávísun og brottvísun. Stoðdeild embættis ríkislöggreglustjóra hefur það hlutverk að sjá um alla flutninga á erlendum einstaklingum frá Íslandi, sbr. 23. gr. reglugerðar um starfsemi, hlutverk og ábyrgð embættis ríkislöggreglustjóra nr. 325/2021, sbr. 3. mgr. 5. gr. löggreglulaga, nr. 90/1996.

Fyrirliggjandi er samningur milli embættis ríkislöggreglustjóra og Útlendingastofnunar (ÚTL) um verkefni stoðdeilda ríkislöggreglustjóra. Að jafnaði gefur ÚTL útlendingi frest í 7–30 daga til að yfirgefa landið sjálfviljugur þegar um er að ræða frávísun frá Íslandi.

Í viðauka 2 við samninginn kemur fram það verklag sem stoðdeild byggir á við framkvæmd flutnings úr landi með aðstoð löggreglu. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um verklag Stoðdeilda sem kemur fram í viðauka 2 við samninginn en verklagið byggist m.a. á íslenskum lögum, einkum löggreglulögum og lögum um útlendinga, og alþjóðasamningum sem um málefnið gilda og Ísland hefur undirgengist eða er aðili að. Eftirfarandi texti er tekinn beint upp úr viðauka 2 við samninginn sem inniheldur verklagsreglur um brottvísanir og frávísanir:

#### ,,Beiðni um brottvísun og/eða frávísun.

Beiðni kemur til stoðdeilda frá ÚTL um brottvísun og/eða frávísun og er málið skoðað meðal annars út frá því hve áriðandi er að framkvæma umbeðna beiðni. Stoðdeildin verður, eins og frekast er unnt, við öllum þeim beiðnum og forgangsraðar eftir eftirfarandi:

- *Beiðni:* Óskað er eftir að viðkomandi framkvæmd sé sett í forgang vegna krefjandi aðstaðna.
- *Hættumat stoðdeilda:* Hættumat stoðdeilda (sjá verklag hættumats).
- *Starfsfólk tiltækt í framkvæmdina:* Mannaflapörf fyrir framkvæmdina metin – tiltækt starfsfólk í stoðdeild – geta annarra deilda eða embætta til aðstoðar.
- *Ferðaleið:* Stoðdeildin er háð fáanlegum flugsætum en einnig þarf að skoða flugvelli á millilendingarstað en aðstaða og reynsla af þeirri aðstoð sem okkur er veitt er mikilvægur þáttur í hvar er millilent.

#### Hættumat.

Vinna við gerð hættumats fer af stað um leið og málið berst löggreglumannni sem falin hefur verið ábyrgð framkvæmdar. Hættumatið gerir ábyrgðarmaður framkvæmdarinnar með því að skoða viðkomandi einstakling sem þarf að flytja til að gera framkvæmd fylgdarinnar eins örugga og hægt er. Við hættumat eru bæði kannaðir gagnagrunnar sem löggreglan hefur aðgang að, í samræmi við lagaheimild, og haft er samband við þjónustuaðila, aðra löggreglu-

menn og/eða starfsfólk fangelsa sem upplýsingar eru um að hafi haft samskipti við einstaklinginn. Þessi upplýsingaöflun byggist á lagaheimild. Að lokum er sá einstaklingur, sem á að flytja úr landi vegna stjórnvaldsákvörðunar þess efnis, heimsóttur og hegðun hans metin og viðhorf viðkomandi gagnvart fyrirhugaðri framkvæmd á flutningi úr landi, en hún er oftast kynnt á þeim tímapunkti. Stundum er slík framkvæmd kynnt með símtali en viðkomandi heimsóttur fljótlega eftir það símtal til að meta viðkomandi á grundvelli hættumats.

Ef upplýsingar liggja fyrir um eða í ljós kemur að viðkomandi einstaklingur hefur átt sögu um erfiðleika er varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði skal ábyrgðarmaður framkvæmdarinnar tryggja að skoðun þar til bærra starfsmanna heilbrigðisyfirvalda hafi farið fram svo öruggt sé að framkvæmdin stefni ekki viðkomandi í hættu. Öflun vottorða (e. *Fit to Fly*) í slíkum tilfellum þarf að hafa farið fram.

Ef nauðsynlegt þykir vegna heilsu viðkomandi einstaklings, er óskað eftir að starfsmaður heilbrigðisyfirvalda komi með í framkvæmd fylgdar.

### **Undirbúningur framkvæmdar.**

Degi fyrir framkvæmdina er útbúið skehti með öllum nauðsynlegum upplýsingum varðandi fylgdina, þátttakendur, tímasetningar og ef óskað er eftir aðstoð einhverra á flugvellinu við fylgdina. Þetta skehti er sent á fyrirfram skilgreindan hóp í tölvupósti sem samanstendur af lögreglu á flugvellinum (Keflavíkurflugvelli), öryggisdeild flugvallarins og öðrum yfirvöldum flugvallarins og IGS (þjónustudeild flugfélaga á flugvellinum).

Skehti fer því til allra aðila sem með beinum eða óbeinum hætti koma að framkvæmd fylgarinnar á Keflavíkurflugvelli og eru þeir upplýstir um komu fulltrúa stoðdeilda ríkislögreglustjóra brátt fyrir að starfsmenn deildarinna hafi í flestum tilfellum verið í sambandi við þessa aðila áður til að tilkynna. Einnig eru flugstjóra flugsins afhentar upplýsingarnar svo hann geti átt að sig á umfangi framkvæmdar en ef um sérstaklega erfiða fylgd er að ræða, er rætt við flugstjóra í síma nokkru áður. Flugstjóri kynnir þá einnig áhöfn sinni um framkvæmdina svo allir séu upplýstir og komi engum á óvart þegar við birtumst.“

*Samantekt, sbr. framangreint verklag í viðauka 2 í samningi embættis ríkislögreglustjóra og Útlendingastofnunar um verkefni stoðdeilda ríkislögreglustjóra.*

Verklag það sem gildir um valdbeitingu lögreglu, þegar þess er talin þörf vegna hættumats eða annarra ástæðna, sbr. umfjöllun hér að framan, byggist ávallt á skýrri lagaheimild og verklag stoðdeilda er til þess að tryggja að framkvæmd flutnings, þegar þörf er á aðstoð lögreglu við framkvæmd flutnings með fylgd og jafnvél þvingunarúrræðum eins og notkun flutningsbeltis, samræmist stjórnarskrárvörðum réttindum, sbr. 7. kafla laga nr. 33/1944, lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994, og öðrum alþjóðasamningum sem Ísland hefur undirgengist. Í þessu sambandi er við framkvæmdina einkum byggt á ákvæðum laga um útlendinga, nr. 80/2016, sbr. einkum 7. mgr. 104. gr. og 105. gr., sbr. 115. gr. sömu laga og 14. og 16. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

Við ákvörðun um það hvort þörf er á því að einstaklingur, sem fara þarf af landi brott samkvæmt ákvörðun stjórnvalda eða dómstóla þess efnis, þurfi lögreglufylgd og þvingunarúrræði eins og handtöku við framkvæmd fylgarinnar og í því sambandi að vera í flutningsbelti, er ávallt höfð hliðsjón af meðalhófsreglu lögreglulaga, stjórnsýslulaga og sakamálalaga. Þess vegna er verklag stoðdeilda skýrt um þetta efn, sbr. framangreint, þ.e. að valið sé vægasta úrræðið fyrir hvern einstakling og þá að undangengnu heildstæðu mati og mati heilbrigðistarfsfólks og jafnvél að heilbrigðisstarfsfólk komi með í fylgd. Flutningsbelti er því notað í algjörum undantekningartilfellum.

2. *Hvaða þvingunarúrræðum hefur verið beitt gagnvart einstaklingum þegar þeir eru fluttir úr landi með aðstoð löggreglu og á hvaða lagastoð eru þau byggð? Sérstaklega er óskað upplýsinga um það hvort fólk hafi verið gefin lyf gegn vilja þess í þeim tilgangi að auðvelda yfirvöldum brottvisunina.*

Þvingunarúrræði þau sem beitt hefur verið gagnvart einstaklingum sem fluttir eru úr landi með aðstoð löggreglu og heimild til þeirra byggjast á ákvæðum löggreglulaga, nr. 90/1996, stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, laga um útlendinga, nr. 80/2006, og laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Við notkun þvingunarúrræða er ávallt höfð hliðsjón af stjórnarskrárvörðum réttindum, sbr. lög nr. 33/1944, um Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, og lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994, sem og öðrum alþjóðaskuldbindingum og samningum sem Ísland hefur gengist undir.

Þau þvingunarúrræði sem beitt hefur verið við fylgd einstaklinga úr landi af hálfu löggreglu eru notkun flutningsbeltis, handtaka, í samræmi við heimild þess efnis í 14. og 16. gr. lögreglulaga og við slíka framkvæmd er ávallt höfð hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga og 2. málsl. 14. gr. löggreglulaga. Í þessu sambandi vísast einnig til 6. gr. reglna um valdbeitingu löggreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna þar sem eftirfarandi kemur fram: „Heimilt er að fjötra menn á fótum með fótjárnnum við flutning sem öryggisráðstöfun ef rík ástæða er til, t.d. við flutning í flugvél eða hann er svo æstur eða órølegur að hann er sjálflum sér eða öðrum hættulegur.“

Viðkomandi einstaklingur, ef þörf er á í samræmi við framangreint, er settur í flutningsbelti sem er leðurbelti með handjárnum. Flutningsbelti getur líka verið úr nælonefni og „velox“. Það er þó einungis í undantekningartilvikum sem viðkomandi einstaklingur er settur í flutningsbelti að undangengnu áhættumati, og skoðun heilbrigðisstarfsfólk ef það á við, og í þessu sambandi er ávallt valið vægasta mögulega úrræði ef valdbeitingar er þörf, sbr. m.a. 14. gr. löggreglulaga, nr. 90/1996, 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og framangreint.

Eftalin er þörf á því að einstaklingur þurfi að vera í flutningsbelti í flugvélinni er auk þess alltaf óskað sérstaklega heimildar flugstjóra, þegar komið er um borð, í samræmi við ákvæði laga um loftferðir, nr. 60/1998, sbr. einkum 40.-42. gr.